

ÍSL3A040

Í áfanganum er fjallað um upphaf ritaldar á Íslandi og flest sem ritað var í lausu máli fram um 1400

- Lög, áttvísi, þýðingar helgar og spakleg fræði
- Íslendingabók
- Landnáma
- Konungasögur
- Íslendingasögur og -þætti
- Samtímasögur (byskupa- og Sturlunga)
- Þýðingar (riddarasögur o.fl.)

- Lesin verður Grettis saga og hún skoðuð sem dæmi um Íslendingasögu og einnig tengd við ýmsar kenningar miðalda, s.s. hugmyndir um dauðasyndir o.fl.

- Í framhaldi af umfjöllun um Sturlungu verður lesin bókinn Óvinafagnaður e. Einar Kárason og nemendur vinna úr henni ritunarverkefni.

- Ein kjörbók – sjá kjörbókalista

- Nemendur lesa kafla um nafnafræði og nöfn (Málsaga - greinar úr Alfræði íslenskrar tungu) og skrifa ritgerð um nöfn.

Lotuskipting í Grettis sögu:

Kaflar	Bls.	Efni	Lota
1 - 13	22	Um Önund tréföt og forfeður Grettis	1
14 - 17	15	Æska Grettis - utanför til Noregs	
18 - 24	25	Ýmis þrekvirki Grettis í Noregi	2
25 - 37	29	Tiðindi meðan Grettir er ytra, Grettir kemur heim og glímir m.a. við Glám. Fer síðan aftur til Noregs.	
38 - 49	24	Grettir sækir eld til Þórissona sem brenna inni, drepur berserki o.fl. Drepinn Atli Ásmundarson, Grettir dæmdur sakamaður.	3
50 - 60	30	Grettir á Reykhólum og síðan hér og þar um landið. Vinnur þrekvirki og jafnvel illvirki.	4
61 - 69	22	Grettir á heiðum með alskonar furðuvættum, líka í Bárðardal og eignast son, berst við tröll en fer að lokum í Drangey.	
70 - 82	29	Grettir og Illugi í Drangey, samskipti við Skagfirðinga. Þorbjörn öngull fer í eyjuna. Fall Grettis og Illuga.	5
83 - 93	20	Flýr Þorbjörn öngull til Noregs og síðan Miklagarðs. Þorsteinn drómundur hefnir Grettis.	

Athugunarefni:

- Fyrirboðar, einkenni á sögupersónum, eðlisþættir Grettis sem koma snemma í ljós
- Hetjan Grettir, hvers vegna eltir hann Glám uppi, hvað er Glámur?
- Dauði Þórissona - óhapp eða illvirki? Tilraun Grettis til að sýkna sig mistekst - hvers vegna?
- Ferill Grettis í úttlegð fram að Drangey - hvað gerir hann - hvers konar persóna er hann að verða? Dauðasyndirnar 7
- Grettir og Illugi í Drangey - Þorbjörn glaumur og Þorbjörn öngull (munum eftir Þorbirni ferðalang og Þorbirni öxnamegni). Hvers vegna hlífa menn Gretti?
- Er hefndin fyrir Gretti táknræn?
- Hvers vegna hefur Grettir orðið svo vinsæll sem raun ber vitni en aðeins 15 Íslendingar báru nafn hans fram til 1900?

Vikur – dagar	Viðfangsefni
1. vika 1. - 3. feb	Kynning - Bókmenntasaga – upphafið
2. vika 6. - 10. feb	Bókmenntasaga – hefst lestur á Grettis sögu
3. vika 13. - 17. feb	Bókmenntasaga – sýnishorn af hinu og þessu
4. vika 20. - 24. feb	Grettis saga – lota 1
5. vika 27. feb – 2. mar	Grettis saga – lota 2
6. vika 5. - 9. mar	Grettis saga – lota 3
7. vika 12. - 16. mar	Grettis saga – lota 4
8. vika 19. - 23. mar	Grettis saga – lota 5 - kynnt nafnaritgerð
9. vika 26. - 30. mar	Uppgjör við Grettis sögu
Páskafri	
10. vika 16. - 20. apr	Sturlunga og Óvinafagnaður
11. vika 23. - 27. apr	Tékk á nafnaritgerð - Óvinafagnaður
12. vika 30. apr – 4. maí	Óvinafagnaður Lokið við nafnaritgerð
13. vika 7. - 11. maí	Óvinafagnaður - tímaritgerð
14. vika 14. - 18. maí	– munnleg próf – upprifjun nemenda
15. vika 21. - 23. maí	Munnlegt próf í kjörbókum - uppgjör

Námsmat:

Tímaverkefni úr Óvinafagnaði:	15%
Nafnaritgerð:	12%
Kjörbók – munnlegt próf	8%
Ástundun og vinnusemi	10%
Próf úr Grettlu og bókmenntasögu	55%

- Þeir sem fá lægri einkunn en 7 fyrir nafnaritgerð þurfa að taka við henni aftur og bæta um betur.
- Þeir sem fá lægri einkunn en 7 fyrir tímaverkefni í Óvinafagnaði leysa viðbótarverkefni á lokaprófi.
- Nauðsynlegt er að ná lágmarkseinkunn (5) á prófi til að aðrir þættir reiknist inn í lokaeinkunn.

Arnar Már og Valdimar